

Félags- og húsnæðismálaráðuneyti

Reykjavík, 24. febrúar 2026

## Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um áform um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2026-2029.

Mannréttindastofnun Íslands fagnar því að stefnt sé að leggja fram þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Að mati stofnunarinnar er að finna ýmsar jákvæðar tillögur í áætluninni, þar á meðal aðgerðir sem miða að því að tryggja stuðning við þá hópa innflytjenda sem eru í viðkvæmri stöðu.

Þrátt fyrir almenna ánægju með efni tillögunnar vill stofnunin koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

1. Mannréttindastofnun Íslands hvetur til þess að unnin verði stefna í málefnum innflytjenda, sbr. hvítbók frá því í maí 2024 sem innihélt drög að slíkri stefnu. Var hvítbókin mjög vönduð og unnin í góðu samráði við hagaðila. Mikilvægt er að setja fram skýra framtíðarsýn sem miðar að því að vinna með markvissum hætti að jafnrétti, inngildingu og jöfnum tækifærum.
2. Í fyrsta tölulið er að finna aðgerðir um íslenskunám og notkun tungumálsins í daglegu lífi. Um umfangsmiklar og fjölbreyttar aðgerðir er að ræða sem samanlagt má ætla að bæti verulega aðgengi innflytjenda að íslenskunámi. Tekur stofnunin heils hugar undir fyrirhugaðar aðgerðir en bendir á að til þess að þeim verði hrint í framkvæmd á árangursríkan hátt þá þarf fjármagn og mannafla að fylgja þeim. Hvetur stofnunin því til þess að við gerð fjárlaga og ráðstöfun fjár til menntastofnana verði gert ráð fyrir þeim kostnaðarauka sem aðgerðunum fylgir.
3. Fimmti töluliður tekur til aðgerða sem miða að því að bæta tölfraði um innflytjendur og efla miðlun og hagnýtingu rannsókna á sviði innflytjendamála. Er það vel, en stofnunin gerir þó sömu athugasemd og við fyrsta tölulið, þ.e. að þess verði gætt að nægt fjármagn fylgi aðgerðum.
4. Mannréttindastofnun Íslands telur mikilvægt að í framkvæmdaáætluninni sé komið inn á tülkaþjónustu fyrir innflytjendur, en nokkuð hefur skort á að þeir fái þá tülkaþjónustu sem þeim er nauðsynleg. Það markmið sem sett var fram í aðgerðaáætlun um málefni innflytjenda 2022-2025 var mikið framfaraskref en talsvert vantar þó enn upp á að þeim sem ekki tala íslensku sé gefinn kostur á faglegru tülkun í samskiptum þeirra við stjórnvöld

og þjónustuaðila. Stofnunin hvetur til þess að bætt verði inn aðgerðum varðandi túlkajónustu og aðgengi að túlkum, að litið verði til gæða túlkajónustu og fagmennsku frekar en kostnaðar og að stofnunum og þjónustuaðilum verði tryggt nægt fjármagn til að standa undir túlkakostnaði.

5. Mannréttindaskrifstofa Íslands sá um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur samkvæmt samningi við félags- og húsnæðismálaráðuneytið en skrifstofan hefur hætt störfum og hvergi er gjaldfrjáls lögfræðiráðgjöf með túlki í boði fyrir innflytjendur. Mannréttindastofnun Íslands hvetur til þess að úr þessu verði bætt svo fljótt sem auðið er og að slík þjónusta verði ein af þeim aðgerðum sem mælt verði fyrir um í aðgerðaáætluninni.
6. Loks er hvatt til þess að fræðsla um lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018 verði aukin. Í úttekt og greiningu OECD á stöðu innflytjendamála hér á landi kom í ljós að afar sjaldgæft er að það reyni á umrædd lög vegna mismununar á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna eða trúar/lífsskoðana. Ætla verður að það megi rekja til vanþekkingar á þeim úrræðum sem eru í boði, fremur en að slík mismunun sé ekki til staðar í íslensku samfélagi. Jafnréttisstofa hefur sinnt fræðslu á þessu sviði og hefur meðal annars sett upp sérstakt vefsvæði, [Burt með mismunun | Jafnréttisstofa](#), en tryggja þarf að stofan hafi fullnægjandi fjármagn til að vinna að enn frekari vitundarvakningu meðal innflytjenda, stjórnvalda og almennings um þau úrræði sem standa til boða.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,  
framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Íslands